

M-2/2010 Álit 25. febrúar 2010

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. febrúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 6. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings fyrir vinnu fyrirtækisins Y við skipti á bensíngeymi í bifreið hennar A að fjárhæð kr. 24.450. Álitsbeiðandi krefst þess að fyrirtækið endurgreiði sér þessa fjárhæð.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. janúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og bárust þau 12. janúar. Með bréfi, dags. 13. janúar, gaf kæruneftndin álitsbeiðanda kost á því að gera athugasemdir við andsvörin. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 2. febrúar sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir skráningardag bifreiðar sinnar A vera 14. apríl 2005 og samkvæmt því sem kemur fram í andsvörum seljanda keypti álitsbeiðandi bifreiðina af honum þann dag. Fyrir í vetur, segir álitsbeiðandi, hafi komið leki að bensíngeymi bifreiðarinnar og í ljós hafi komið að hann hafi ryðgað í gegn á samskeytum. Ekki hafi fengist nein fyrirgreiðsla hjá Y í upphafi en fyrirtækið síðar fallist á að greiða efniskostnað við nýjan tank eftir að hafa ráðfært sig við framleiðanda. Fyrirtækið hafi farið fram á það við álitsbeiðanda að hún greiddi fyrir vinnu við skipti á geyminum hvað hún hafi gert. Málið hafi verið rætt við framkvæmdastjóra þjónustusviðs Y sem hafi haldið því fram að bifreiðin hefði ekki verið færð í reglubundnar skoðanir. Hefði svo verið gert hefði verið hægt að bregðast fyrir við vandamálinu. Álitsbeiðandi kveðst ekki geta séð „hvernig reglubundin skoðun ætti að geta hafa leitt til annarrar niðurstöðu en þeirrar að skipta um tankinn, aðeins spurning um það hvenær sú vinna ætti sér stað.“ Álitsbeiðandi kveðst hafa greitt með fyrirvara um það að málið yrði sent kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa til meðferðar.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum Y segir eftirfarandi:

„Kvörtun eiganda A byggist á að bifreið sé í ábyrgð samkvæmt íslenskum lögum en því er hér með mótmælt þar sem samkvæmt kaupalögum á Íslandi er bifreið í 2 ára ábyrgð en á þeim tímapunkti er kvörtun er lögð fram við þjónustuaðila Y þann 09/09 2009 er bifreið orðin meir en 4 ára gömul (bifreið fyrst skráð/seld 14/04 2005).

Ábyrgð framleiðanda er 3 ár að því tilskildu að viðhaldi bifreiðar sé framfylgt samkvæmt fyrirmælum framleiðanda, umrædd bifreið hefur samkvæmt ferilskrá Y ekki mætt til

reglubundins viðhalds samkvæmt uppgefnum skilmálum Y og þar af leiðandi er bifreið ekki í ábyrgð bæði er bifreið orðin of gömul og um leið hafa skilmálar framleiðanda ekki verið uppfylltir.

Varðandi fullyrðingu í bréfi að bilun tengist ekki notkun bifreiðar þá er tiltekið í handbók bílsins (owner's manual) sem fylgir bifreið, að sé notkun bifreiðar við aðstæður sem eru þekktar hér á landi, þ.e.a.s. vegir saltaðir og almennar aðstæður flokkaðar sem erfiðar þá ber eiganda að huga að undirvagni og skola undan bifreið salt og drullu sem safnast getur fyrir á mörgum stöðum til að koma í veg fyrir ryðmyndun ásamt því að sinna reglubundnu viðhaldi. Þar sem viðkomandi bifreið hefur ekki mætt í reglubundið viðhald þá hefur þjónustuaðilum Y ekki gefist neitt tækifæri til að meta ástand bifreiðar svo hægt hefði verið að bregðast við ef vart hefði verið við óvenjulega ryðmyndun og/eða gefa eiganda ráðleggingar varðandi umhirðu á bifreið.

Það er þekkt staðreynd að notkun bifreiða hefur áhrif á líftíma íhluta hennar og þá ekki síst hlutir í undirvagni bifreiðar sem eru berskjaldaðir fyrir utanaðkomandi áhrifum.

Y kom til móts við eiganda í þessu umrædda máli með því að leggja til varahlut (nýjan eldsneytistank að verðmæti 66.536 kr.) til viðgerðar á A og var það gert þrátt fyrir að bifreið væri ekki í ábyrgð hvorki frá framleiðanda né samkvæmt íslenskum lögum og bar þess vegna Y né framleiðanda Y á nokkurn hátt skylda til að gera slíkt.

Kröfu eiganda A um að Y greiði fyrir vinnu við skipti á eldsneytistank er hér með hafnað þar sem Y lítur svo á að búið sé að fara lengra en skylda samkvæmt ábyrgðarskilmálum framleiðanda og íslenskum lögum bar til með því að leggja til varahlut til viðgerðar.“

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Kærunefndin telur rétt að taka sérstaklega fram að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. neytendakaupalaga eru þau ófrávíkjanleg, þ.e. að ekki er heimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en kveðið er á um í lögnum. Af þessu ákvæði laganna leiðir að séu þeir skilmálar sem seljandi bifreiðar setur um ábyrgð sína á göllum á bifreið kaupanda óhagkvæmari en lögin kveða á um eru þeir ógildir að því leyti. Séu skilmálarnir hins vegar kaupanda hagstæðari en viðkomandi lagaákvæði gilda ákvæði skilmálanna. Ákvæði í skilmálum seljanda um að kaupanda beri að koma með bifreið í reglubundna skoðun til þess að ábyrgðarskilmálar seljanda haldi gildi sínu geta haft þýðingu sýni seljandi fram á að komið hefði verið í veg fyrir þann galla sem kaupandi ber fyrir sig við þá skoðun. Í því tilviki sem hér er til umfjöllunar þykir seljandi ekki hafa sýnt fram á með nægjanlega skýrum hætti að komið hefði verið í veg fyrir gallann hefði bifreiðin verið færð til reglubundinnar skoðunar samkvæmt ákvæðum skilmála um ábyrgð á henni.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup eru svohljóðandi ákvæði:

Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

☐Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 27. gr., sem að framan er rakin, er hinn almenni kvörtunarfrestur neytanda 2 ár frá þeim tíma talið að hann fékk söluhlut afhentan. Hins vegar er kvörtunarfresturinn 5 ár sé um að ræða söluhlut eða hluta hans sem ætla má að endist verulega lengur en almennt gerist um söluhluti.

Fram er komið að álitsbeiðandi keypti bifreiðina A vera 14. apríl 2005. Samkvæmt upplýsingum seljanda kvartaði álitsbeiðandi undan leka bensíngeymisins 9. september 2009 en þá var bifreiðin fjögurra ára og tæplega fjögurra mánaða gömul.

Ekki liggja fyrir aðrar upplýsingar um ástæður fyrir leka bensíngeymisins en að hann hafi stafað af ryði á samskeytum. Ekki kemur fram að bensíngeymirinn hafi þar orðið fyrir sérstöku hnjaski, s.s. grjótkasti eða annars konar ákomum af einhverjum ástæðum sem álitsbeiðanda varða. Eins og málið liggur fyrir kæruneftndinni verður að draga þá ályktun að samskeytin hafi gefið sig af sjálfsdáðum, ef svo mætti segja, og því sé um galla að ræða samkvæmt 15. og 16. gr. neytendakaupalaga. Bifreið álitsbeiðanda var að vísu komin nokkuð á fimmta aldursár þegar kvörtun var borin fram, en ekki er betur vitað en eldsneytisgeymir bifreiðar endist alla jafna líftíma hennar komi ekkert sérstakt fyrir þá. Það er álit kæruneftndarinnar, á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja, að sá galli sem fram kom á bensíngeymi bifreiðar álitsbeiðanda sé þess eðlis að um hann gildi kvörtunarfrestur samkvæmt 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. 5 ára reglan, og því beri seljanda að bæta álitsbeiðanda gallann að fullu.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y greiði álitsbeiðanda, X, kr. 24.450.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir